

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113 3.
apríl 1973 með síðari breytingum.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 1 250 á mánuði fyrir hvern mín. ltr. í hámarksstillingu hemils.

III. KAFLI

6. gr. orðist þannig:

Heimædagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

400— 2 000 m ³ ==	49 164 f.	400 m ³	38.77 kr./m ³	þar yfir
2 000— 6 000 m ³ ==	111 215 f.	2 000 m ³	33.77 kr./m ³	þar yfir
6 000—10 000 m ³ ==	246 327 f.	6 000 m ³	30.00 kr./m ³	þar yfir
meira en 10 000 m ³ ==	366 425 f.	10 000 m ³	25.00 kr./m ³	þar yfir

7. gr. orðist þannig:

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóv. 1976, 119 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5.
ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- Fastagjöld kr. 750 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- Vatnsgjald kr. 1 200 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar